


Fjallabyggð



**STARFSÁÆTLUN 2012
FÉLAGSPJÓNUSTA**

Starfsáætlun 2012

Inngangur

Félagspjónustusvið fer með málefni félagspjónustu skv. lögum nr. 40/1991 um félagspjónustu sveitarfélaga, barnavernd skv. lögum um vernd barna og ungmenna nr. 80/2002 og félagsleg húsnæðismál skv. lögum um húsnæðismál nr. 44/1998. Auk þess fer félagspjónusta Fjallabyggðar með málefni fatlaðra samkvæmt samningi við Byggðasamlag SSNV.

Félagsmálanefnd

Hlutverk félagsmálanefndar er að vera bæjarstjórn til ráðgjafar um félagspjónustu, gera tillögur til bæjarstjórnar um markmið og skipulag félagspjónustu innan bæjarfélagsins, sinna verkefnum á sviði laga um félagspjónustu sveitarfélaga, húsaleigubótalaga, húsnæðislaga, jafnréttislaga, áfengis- og vímuvarnarlaga, laga um málefni aldraðra, félagslega heimilisþjónustu og laga um málefni fatlaðra.

Helstu verkefni ársins 2012:

- koma á fót skammtímaþvottun fyrir fötluð börn í sveitarfélaginu í samvinnu við Dalvíkurbyggð. Verkefnið verður unnið á vettvangi Byggðasamlags SSNV, um málefni fatlaðra.
- Vinna að forvarnaráætlun; í samvinnu við félög í sveitarfélaginu sem og aðra samstarfsaðila s.s. lögreglu, heilsugæslu, skóla, leikskóla, sérfræðing á Skólasviði.
- Markviss kynning á jafnréttisstefnu bæjarfélagsins.
- Lokið við stefnumótun málefna aldraða.
- Vinna skipulega að málefnum fatlaðra barna, sumardvöl og gæslu fyrir sumarið.
- Fara reglulega yfir reglur um fjárhagsaðstoð, sbr. verkefni vegna fjárhagsaðstoðar.

Félagsleg ráðgjöf

Samkvæmt lögum um félagspjónustu sveitarfélaga skulu félagsmálanefndir bjóða upp á félagslega ráðgjöf. Markmið hennar er að veita upplýsingar og leiðbeiningar um félagsleg réttinda mál og stuðning vegna félagslegs og persónulegs vanda.

Helstu verkefni ársins 2012:

- Bjóða upp á félagslega ráðgjöf, veita upplýsingar og leiðbeiningar um félagsleg réttindamál annars vegar og stuðning vegna félagslegs og persónulegs vanda hins vegar.

Fjárhagsaðstoð

Fjárhagsaðstoð skal veita einstaklingum og fjölskyldum þeirra þegar einstaklingar/fjölskyldur hafa ónógar tekjur sér og sínum til lífsviðurværis. Fjárhagsaðstoð skal að öllu jöfnu vera tímabundin.

Félagspjónusta

Helstu verkefni ársins 2012:

- Skýra frekar reglur um fjárhagsaðstoð hvað varðar einstaklinga er hafa lokið bótarétti sínum frá Svæðisvinnumiðlunum, o.s.frv.
- Aukið samstarf við Vinnumálastofnun, Virk Starfsendurhæfingarsjóð og Starfsendurhæfingu Norðurlands.

Félagsleg heimaþjónusta

Félagslega heimaþjónustu skal veita þeim sem búa í heimahúsum og geta ekki hjálparlaust séð um heimilishald, vegna skertrar getu, fjölskylduaðstæðna, álags, veikinda, barnsburðar eða fötlunar.

Helstu verkefni ársins 2012:

- Vinna markvisst að jákvæðri kynningu á starfi í heimilisþjónustu.
- Halda áfram símenntunarnámskeiðum starfsmanna heimilisþjónustu og annarra starfsmanna félagspjónustunnar.

Þjónusta við aldraða

Þjónusta við aldra er fyrirferðarmikill þáttur í starfsemi félagspjónustunnar og ekki við öðru að búast þar sem hlutfall eldri borgara af íbúafjölda er óvíða hærrí en í Fjallabyggð.

Helstu verkefni ársins 2012:

- Óskað verður eftir kostnaðarmati á stækkun einstaklingsíbúða í Skálarhlíð.
- Gefin verði út kynningabæklingur um þjónustu við aldraða í sveitarfélaginu.

Þjónusta við fatlaða

Þjónusta sem ríkið veitir fötluðum samkvæmt lögum nr. 59/1992, um málefni talaðra var fært frá ríki til sveitarfélaga þann 1. janúar 2011. Fjallabyggð er aðili að Byggðasamlagi SSNV, um málefni fatlaðra. Gert er ráð fyrir því að Fjallabyggð og Dalvíkurbyggð standi sameiginlega að þjónustusamningi við Byggðasamlag SSNV.

Helstu verkefni árið 2021:

- Leitað verði leiða til að koma á móts við óskir um sjálfstæða búsetu fatlaðra.
- Áframhaldandi vinna að verkefninu vegna þjónustu við langveik börn og börn með ADHD.
- Vinna skipulega að málefnum fatlaðra barna, sumardvöl og gæslu fyrir sumarið.
- Fara reglulega yfir þjónustubörf fjölskyldna barnanna og bregðast við í kjölfar þess en mjög breytilegt getur verið hversu mikla þjónustu þarf inn á heimilið dag frá degi.
- Koma á fót skammtímvistun fyrir fötluð börn í samvinnu við Dalvíkurbyggð. Verkefnið verður unnið á vettvangi Byggðasamlags SSNV.

Húsnæðismál

Félagsmálanefnd tók við hlutverki húsnæðisnefndar eftir síðustu bæjarstjórnarkosningar. Niðurgreiðslur félagslega íbúðakerfisins er fyrirferðarmikill hluti af kostnaði félagspjónustunnar og rík ástæða til að lækka þennan kostnað á komandi ári.

Félagsþjónusta

Helstu verkefni árið 2012:

- Gerður verður greinarmunur á þeim íbúum sem leigja á félagslegum forsendum og almennum íbúum.
- Húsleiga þeirra sem ekki falla undir forgangsörðun verði tekin til endurskoðunar.
- Tekin ákvörðun um sölu íbúða.

Forvarnarmálefni

Stuðla skal að forvörnum í áfengis- og vímugjafamálum í samstarfi við viðeigandi aðila, svo sem lögreglu, heilbrigðisþjónustu, skóla og foreldrafélög.

Helstu verkefni árið 2012:

- I. Vinna að forvarnaráætlun og í framhaldi af henni að starfa samkvæmt áætluninni.

Fjárhagsáætlun

Helstu lykiltölur fjárhagsáætlunar félagsþjónustu fyrir árið 2012 eru eftirfarandi. (þús.)

Aðrar tekjur	134.929
Laun og launatengd gjöld	130.490
Annar rekstrarkostnaður	101.833
Framlög til íbúðasjóðs	19.000
Rekstrarniðurstaða	97.394